

61. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. mars 2021, kl. 13:00 á netfundi.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Unnur Erla Hafstað fulltrúi kennara, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Starfsmannamál - auglýsingar

Skólameistari upplýsti að auglýst verði eftir kennara í tölvuleikjafræðum. Þá mun Kristján Már Magnússon sálfræðingur, sem hefur verið verktaki við skólann, hætta í vor þar sem hann fer á eftirlaun. Ekki er ákveðið hvert framhaldið verður varðandi sálfræðing en það er í athugun.

2. Störf skólanefndar

Formaður skólanefndar fór yfir það að hlutverk skólanefndar er í föstum farvegi og hefur gengið vel. Fundir síðasta árs hafa verið rafrænir og snert hefur verið á öllum þeim flötum sem til er ætlast. Skólameistari ítrekaði að nefndarmenn gætu komið með tillögur ef þeim þykir þurfa að breyta áætlun um dagskrá skólanefndarfunda. Hún telur skipulagið hafa reynst vel og það geri undirbúning funda og fundina skilvirkari. Nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með fyrirkomulag fundanna.

3. Rekstrarniðurstöður fyrra árs

Ekkert hefur breyst frá síðasta fundi en ársreikningar hafa ekki enn verið lagðir fram og undirritaðir.

4. Önnur mál

4.1 Námsframboð og val næstu annar

Skólameistari gerði grein fyrir að nú stæði yfir val fyrir næstu haustönn. Í boði er mjög fjölbreytt úrval áfanga. Padlet-veggur með auglýsingum fyrir nemendur lagður fram til kynningar.

4.2 Rafíþróttir

Skólameistari sagði frá nýrri sérhæfingu í rafíþróttum sem verið er að vinna að við skólann. Hún hefur kynnt sér rafíþróttir og verið í sambandi við Rafíþróttasamband Ísland. Niðurstaðan er að nú eru í boði nokkrir áfangar sem tengjast þessari sérhæfingu. Þeir tengjast bæði tölvuleikjafræði, tölvuleikjahönnun, íþróttum og listum. Nú eru nokkrir nemendur skólans að keppa á framhaldsskólamóti í rafíþróttum. Skólameistari ætlar að auglýsa rafíþróttirnar áður en almenn innritun hefst í byrjun apríl.

4.3 Sérhæfing í skíðaíþróttum

Skólameistari sagði frá samstarfi við Skíðasamband Íslands um sérhæfingu í skíðaíþróttum fyrir nemendur á afrekssviði. Á næstu önn verður boðið upp á fyrsta

áfangann sem tengist þessu námi. Búið er að skrifa áfangalýsingar fyrir alla áfanga sem ljúka þarf í sérhæfingunni.

4.4 Erlend verkefni

Skólameistari sagði frá því að skólinn hefði fengið viðurkenningu sem Erasmus-stofnun sem einfaldar til muna umsóknaferlið vegna styrkja á vegum Erasmus. Nú er skólinn í 7 erlendum verkefnum og tekist hefur að vinna að þeim að ákveðnu leyti í gegnum vefinn og nærverur skólans þótt ekki hafi reynst mögulegt að ferðast. Ein umsókn er í ferli.

4.5 Ritun skólasögunnar

Formaður greindi frá því að hann hefði átt samtál við Óskar Þór, ritara skólasögunnar. Skólameistari sagði frá því að unnið hefði verið að lagfæringum og kafla um aðferðafræði skólans. Næsta skref er að yfirfara textann og myndskreyta á vefnum.

4.6 Ytra mat

Aðstoðarskólameistari gerði grein fyrir því að nú væri hafin vinna við ytra mat á skólanum. Til stóð að það færi fram síðasta vor en ekkert varð úr því. Von er á úttektaraðilum í skólann í byrjun maí.

Næsti fundur er skráður 26. maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00.